

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

278. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 5. janúar 2017 kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, Guðjón Þórarinn Loftsson, Árborg Ragnarsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir, og Ragnar Smári Helgason.

Byggingarfulltrúi: Ólafur Jakobsson

Fundarritari: Pétur Arnarsson

Dagskrá:

1. Erindi nr. 1611037. Kolugljúfur, skipulagslýsing.
2. Erindi nr. 1612012. Húksheiðarafréttur, stofnun þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar.
3. Erindi nr. 1612013. N1 Nýr Staðarskáli, viðbygging..
4. Erindi nr. 1612050. Hjóla- og göngubrú á Syðri- Hvammsá.
5. Erindi nr. 1612015. Tjarnarbrékka – Hitalögn í veiðihús.
6. Erindi nr. 1611001. Norðurbraut 1, niðurstaða grenndarkynningar.

Tekið á dagsskrá:

7. Erindi nr. 1610020. Ytri-Reykir, teikningar
8. Erindi nr. 1501125. N1 Staðarskáli – breyttar teikningar

Afgreiðslur:

1. **Erindi nr. 1611037.** Sveitarsjórn Húnaþings vestra hefur með samþykki landeigenda ákveðið að gera deiliskipulag fyrir Kolugljúfur í Víðidal og aðliggjandi umhverfi skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Markmiðið með fyrirhuguðu skipulagi er að bæta aðgengi, upplýsingar, öryggi og umferð ferðamanna um skipulagssvæðið. Það verður m.a. gert með skipulagningu bílastæða, staðsetningu þjónustu- og salernishúss, útsýnispalla, göngubrúa, stíga, skilta og annarra tilheyrandi mannvirkja. Skipulagslýsing, unnin af Arnari Birgi Ólafssyni, sem kynnt var á fundi Skipulags- og umhverfissráðs þann 1. desember síðastliðinn, var auglýst 9. desember 2016. Frestur til að skila athugasemdum var til 3. janúar 2017. Tvær umsagnir og ábendingar bárust.

Skipulags- og umhverfissráð vísar umsögnum til vinnslu deiliskipulags. Ráðið bendir einnig á að sveitastjórn þurfi að beita sér fyrir úrbótum á veltengingu milli þjóðvegjar og deiliskipulagssvæðis.

2. **Erindi nr. 1612012.** Með bréfi dagsettu 12. desember 2016 sækir Regína Sigurðardóttir, fyrir hönd Íslenska ríkisins, kt. 540269-6459, í umboði forsætisráðherra, um stofnun fasteignar (þjóðlendu), sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/200, með síðari breytingum. Fasteign sú, *Húksheiði*, sem hér óskast stofnuð er þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013, dags. 19. desember 2014.

Afmörkun Húksheiðar: „Farið er úr suðurenda Krókavatns beina línu í suðurenda Flóavatns. Þaðan er farið í Valdimarshól sem stendur við norðausturenda Flóavatns. Úr Valdimarshól er bein lína í Flóakvísl þar sem hún rennur í Blöndukíl. Ræður Blöndukíl þar til hann fellur í Vesturá. Vesturá er fylgt til norðurs og svo til vesturs þar sem hún beygir við Vesturárkrók og þar til Brúnskvísl rennur

í hana. Þaðan er dregin lína yfir Þrísteinavatnshrygg og Þrísteinavatn í Brennkvíslarpoll. Frá Brennkvíslarpoll er Brennkvísl fylgt suður að upptökum í vesturenda Erringafannabrúna. Þaðan er farin bein lína í Kletthól sem liggur suðvestan í Sléttafelli og suður á Skiptabrekkur. Úr Skiptabrekkum er farið í upphafspunkt í suðurenda Krókvatns“. Sjá meðfylgjandi uppdrátt: SV8A-HUK.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir stofnun fasteignarinnar fyrir sitt leyti og vísar málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.

- 3. Erindi nr. 1612013.** Valdimar Harðarson kt. 050151-2559 f.h. N1 kt. 540206-2010 sækir með erindi mótt. 02.12.2016 um byggingarleyfi til þess að byggja vindfang undir skyggni við aðalinngang Staðarskála í Hrutafirði lnr. 215458 samkvæmt teikn. nr. 0543 10-01 – 10-04 og 10-40 frá ASK arkitektum.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir byggingaráform umsækjenda.

- 4. Erindi nr. 1612050.** Ína Björk Ársælsdóttir kt. 151177-4849 f.h. Húnaþings vestra kt. 540598-2829 sækir með erindi dags. 29.12.2016 um byggingarleyfi fyrir hjóla- og göngubrú á Syðri-Hvammsá, samkvæmt meðfylgjandi teikningum nr. 1/1 og 1/2 frá Teiknistofu Norðurlands.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir byggingaráform umsækjenda, með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

- 5. Erindi nr. 1612015.** Björn Magnússon kt. 050947-2709 f.h. Veiðifélags Víðidalsár sækir með erindi dags. 14.12.2016 um byggingarleyfi til breytinga á lagnagrind og ofnakerfi vegna tengingar, Veiðihússins Tjarnarbrekku í Víðidal lnr. 144625 við hitaveitu samkvæmt meðfylgjandi teikningum nr. 1407-4-3, 4 og 5.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjenda.

- 6. Erindi nr. 1611001.** Norðurbraut 1, niðurstaða grenndarkynningar.

Athugasemdir og ábendingar stjórnar Félagsheimilis Hvammstanga varðandi viðbyggingu og gerð bílastæða að Norðurbraut 1 ásamt næsta umhverfi eru eftirfarandi:

Á gatnamót Klapparstígs og Hvammstangabrautar verði sett stöðvunarskylda til austurs á Klapparstíg. Vegna umferðaröryggis, þar sem nýbygging muni þrengja enn meira sjónarhorn þeirra sem aka suður Norðurbraut og austur Klapparstíg, krossgatanamót þjóðvega í þéttbýli. Í sumarumferð fer að jafnaði bifreið á 34 sekúndna fresti um gatnamótin, allan sólarhringinn, 2588 ökutæki á sólarhring.

Bílastæði við Klapparstíg verði með 135 gráðu horni til vesturs í stað 90. Vegna umferðaröryggis, svo síður verði bakkað út á báðar akreinar þar sem um þjóðveg í þéttbýli er að ræða.

Bílastæði við Norðurbraut verði með 135 gráðu horni til suðurs í stað 90. Vegna umferðaröryggis, svo síður verði bakkað út á báðar akreinar þar sem um þjóðveg í þéttbýli og stofnbraut í gegn um Hvammstanga er að ræða. Sumardagsumferð er að jafnaði um 105 bílar á klst., allan sólarhringinn, um Norðurbraut.

Gangbraut við Klapparstíg að norðan verði sett norður fyrir bílastæðin. Vegna öryggis gangandi vegfarenda þegar bakkað er út úr stæðum.

Engar athugasemdir gerðar við húsið sem slíkt né staðsetningu þess eða hæð.

Skipulags- og umhverfissráð tekur undir athugasemdir og ábendingar stjórnar Félagsheimilisins er varða bílastæði við Klapparstíg og beinir því til hönnuða að leitað verði annarra leiða við hönnun

bílastæðisins. T.d. að hugað verði að því hvort inn- og útkeyrsla geti verið á sama stað, að öðrum kosti breyting á legu bílastæða og/eða fækkun stæða.

Tekið á dagsskrá:

- 7. Erindi nr. 1610020.** Mál áður á dagsskrá á 274. fundi. Innkomnar nýjar teikningar vegna breytinga og endurbóta að Ytri-Reykjum í Miðfirði, dags. 30.11.2016 nr. 0101 og 0102 frá Sigurbjarti Halldórssyni kt. 230656-3479.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir innsendar teikningar.

- 8. Erindi nr. 1501125.** Mál áður á dagsskrá á 247. fundi. Innkomnar nýjar teikningar vegna breytinga og endurbóta á Staðarskála í Hrótafirði l.nr 215458 mótt. 02.12.2016 nr. 0543 10-01– 0-04 og 10-40 frá ASK arkitektum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir innsendar teikningar.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að afgreiðslur ráðsins jafngilda EKKI byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfið þegar öll tilheyrandi gögn hafa borist og sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðfest fundargerðina.

Fundargerð upplesin og samþykkt. **Fundi slitið kl. 18:46**

Pétur Arnarsson

Árborg Ragnarsdóttir

Guðjón Þórarinn Loftsson

Guðrún Eik Skúladóttir

Ólafur Jakobsson

Ragnar Smári Helgason